

3. gr.

Mæling lóðar	25.000
Mæling fyrir húsi á lóð	25.000
Mæling fyrir húsi í sveit	12.600

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt 17. gr. laga nr. 170/2000 sem er breyting á 53. gr. laga nr. 73/1997. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Hrossholti, 21. janúar 2002.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði.

1. gr.

Hunda- og katta eigendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, sem staðfestar voru af umhverfisráðuneytinu 8. maí 2000.

2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjöld skv. 1. gr. að upphæð kr. 7.500 á hvern hund.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjöld að upphæð kr. 4.300 á hvern kött.

3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 19. desember 2001 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 64, frá 15. janúar 2001.

Egilsstöðum, 22. janúar 2002.

Þórhallur Pálsson,

forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.